

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 210/2019**

2023/EES/3/05

frá 27. september 2019

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40.
- 2) Reglugerð (ESB) 2017/625 fellir úr gildi frá 14. desember 2019, reglugerðir (EB) nr. 854/2004 <sup>(2)</sup> og (EB) nr. 882/2004 <sup>(3)</sup>, tilskipanir 89/608/EBE <sup>(4)</sup>, 89/662/EBE <sup>(5)</sup>, 90/425/EBE <sup>(6)</sup>, 91/496/EBE <sup>(7)</sup>, 96/23/EB <sup>(8)</sup>, 96/93/EB <sup>(9)</sup> og 97/78/EB <sup>(10)</sup> og ákvörðun 92/438/EBE <sup>(11)</sup>, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum frá 14. desember 2019.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 351, 2.12.1989, bls. 34.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 395, 30.12.1989, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 13, 16.1.1997, bls. 28.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 243, 25.8. 1992, bls. 27.

## TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 11a (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11b. **32017 R 0625**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stj. tíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stj. tíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar taka ekki til plöntuheilbrigðis í EFTA-ríkjunum.
- b) Ákvæði 3. mgr. 27. gr. eru aðlöguð sem hér segir:
  - i. EFTA-ríkin skulu gera ráðstafanir, samtímis aðildarríkjum ESB, sem samsvara ráðstöfunum þeirra síðarnefndu á grundvelli viðeigandi framkvæmdargerða sem samþykktar hafa verið í samræmi við þetta ákvæði.
  - ii. Ef vandkvæði koma upp við beitingu framkvæmdargerðarinnar skal EFTA-ríkið sem um ræðir tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni þegar í stað.
  - iii. Beiting þessa ákvæðis er með fyrirvara um möguleika EFTA-ríkis á að gera einhliða verndarráðstafanir meðan beðið er samþykkis lagagerða sem getið er í mgr. i.
  - iv. Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af framkvæmdargerðunum.
- c) Í 5. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 76. gr. er orðunum „, eða í samræmi við tollafgreiðslu á Íslandi eða í Noregi“ bætt við á eftir orðunum „þessar reglugerðar“.
- d) Í 1. mgr. 64. gr. er orðunum „, eða í samræmi við tollafgreiðslu á Íslandi eða í Noregi,“ bætt við á eftir orðunum „reglugerðar (ESB) nr. 952/2013“.
- e) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn er orðunum „, og Eftirlitsstofnun EFTA ef þær varða EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðunum „framkvæmdastjórnina“, „framkvæmdastjórninni“ í 1. og 2. mgr. 108. gr.
- f) Ákvæði 124. gr. gilda ekki um EFTA-ríkin.
- g) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn er orðunum „, eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“ í 1. mgr. 141. gr.
- h) Eftirfarandi er bætt við I. viðauka:

„29. Yferráðasvæði Íslands.

30. Yferráðasvæði Konungsríkisins Noregs að Svalbarða undanskildum.“

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009), 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009) og 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 í I. kafla og 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla:

„– **32017 R 0625:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 (Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40.“

3. Eftirfarandi er bætt við 6. lið (tilskipun ráðsins 98/58/EB), 8. lið (tilskipun ráðsins 1999/74/EB), 10. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005), 11. lið (tilskipun ráðsins 2008/120/EB), 12. lið (tilskipun ráðsins 2008/119/EB) og 13. lið (tilskipun ráðsins 2007/43/EB) í hluta 9.1 í I. kafla:

„, breytt með:

– **32017 R 0625:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 (Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40.“

4. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31p (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/654/EB) í II. kafla:

„31q. **32017 R 0625:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar taka ekki til plöntuheilbrigðis í EFTA-ríkjunum.
- b) Ákvæði 3. mgr. 27. gr. eru aðlöguð sem hér segir:
- i. EFTA-ríkin skulu gera ráðstafanir, samtímis aðildarríkjum ESB, sem samsvara ráðstöfunum þeirra síðarnefndu á grundvelli viðeigandi framkvæmdargerða sem samþykktar hafa verið í samræmi við þetta ákvæði.
  - ii. Ef vandkvæði koma upp við beitingu framkvæmdargerðarinnar skal EFTA-ríkið sem um ræðir tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni þegar í stað.
  - iii. Beiting þessa ákvæðis er með fyrirvara um möguleika EFTA-ríkis á að gera einhliða verndarráðstafanir meðan beðið er samþykkis lagagerða sem getið er í mgr. i.
  - iv. Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af framkvæmdargerðunum.
- c) Í 5. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 76. gr. er orðunum „, eða í samræmi við tollafgreiðslu á Íslandi eða í Noregi“ bætt við á eftir orðunum „þeirrar reglugerðar“.
- d) Í 1. mgr. 64. gr. er orðunum „, eða í samræmi við tollafgreiðslu á Íslandi eða í Noregi,“ bætt við á eftir orðunum „reglugerðar (ESB) nr. 952/2013“.

- e) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn er orðunum „, og Eftirlitsstofnun EFTA ef þær varða EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðunum „framkvæmdastjórnin“, „framkvæmdastjórnina“ í 1. mgr. 108. gr. og „framkvæmdastjórninni“ í 2. mgr. 108. gr.
- f) Ákvæði 124. gr. gilda ekki um EFTA-ríkin.
- g) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn er orðunum „, eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“ í 1. mgr. 141. gr.
- h) Eftirfarandi er bætt við I. viðauka:
  - „29. Yfirráðasvæði Íslands.
  - 30. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Noregs að Svalbarða undanskildum.“

- 5. Aðlögunartexti B í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1. í I. kafla fellur brott frá 14. desember 2019:
- 6. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 89/662/EBE), 2. liðar (tilskipun ráðsins 90/425/EBE), 3. liðar (tilskipun ráðsins 89/608/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 97/78/EB), 5. liðar (tilskipun ráðsins 91/496/EBE), 6. liðar (ákvörðun ráðsins 92/438/EBE), 9. liðar (tilskipun ráðsins 96/93/EB), 11. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) og 12. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004) í hluta 1.1 í I. kafla, 2. liðar (tilskipun ráðsins 96/23/EB) í hluta 7.1 í I. kafla og liðar 31j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í II. kafla fellur brott frá 14. desember 2019.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

- 1. Eftirfarandi er bætt við á eftir 163. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2158) í XII. kafla:
  - „164. **32017 R 0625:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðarinnar taka ekki til plöntuheilbrigðis í EFTA-ríkjunum.
- b) Ákvæði 3. mgr. 27. gr. eru aðlöguð sem hér segir:
  - i. EFTA-ríkin skulu gera ráðstafanir, samtímis aðildarríkjum ESB, sem samsvara ráðstöfunum þeirra síðarnefndu á grundvelli viðeigandi framkvæmdargerða sem samþykktar hafa verið í samræmi við þetta ákvæði.
  - ii. Ef vandkvæði koma upp við beitingu framkvæmdargerðarinnar skal EFTA-ríkið sem um ræðir tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni þegar í stað.
  - iii. Beiting þessa ákvæðis er með fyrirvara um möguleika EFTA-ríkis á að gera einhliða verndarráðstafanir meðan beðið er samþykkis lagagerða sem getið er í mgr. i.

- iv. Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af framkvæmdargerðunum.
- c) Í 5. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 76. gr. er orðunum „, eða í samræmi við tollafgreiðslu á Íslandi eða í Noregi“ bætt við á eftir orðunum „þeirrar reglugerðar“.
- d) Í 1. mgr. 64. gr. er orðunum „, eða í samræmi við tollafgreiðslu á Íslandi eða í Noregi,“ bætt við á eftir orðunum „reglugerðar (ESB) nr. 952/2013“.
- e) Þrátt fyrir ákvæði bókanar 1 við samninginn er orðunum „, og Eftirlitsstofnun EFTA ef þær varða EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðunum „framkvæmdastjórnin“, „framkvæmdastjórnina“ í 1. mgr. 108. gr. og „framkvæmdastjórninni“ í 2. mgr. 108. gr.
- f) Ákvæði 124. gr. gilda ekki um EFTA-ríkin.
- g) Þrátt fyrir ákvæði bókanar 1 við samninginn er orðunum „, eða Eftirlitsstofnun EFTA hvað varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“ í 1. mgr. 141. gr.
- h) Eftirfarandi er bætt við I. viðauka:
- „29. Yfirlýðing Íslands.
30. Yfirlýðing Konungsríkisins Noregs að Svalbarða undanskildum.“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla og 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009) í XV. kafla:
- „– **32017 R 0625**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40.“
3. Texti liðar 54zzzi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í XII. kafla fellur brott frá 14. desember 2019.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/625, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 40, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.